

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Kratús Hvalfjörður



<b>Dags eftirlits</b>	23.4.2014	<b>Fulltrúi UST</b>	Halla Einarsdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Kratús	<b>Fulltrúi UST</b>	Eva Dögg Kristjánsdóttir
<b>Heimili</b>	Klafastaðavegi 4	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið fyrra eftirlit
<b>Kennitala</b>	4307002270	<b>Flokkur</b>	Verksmiðja
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Matthías Matthíasson	<b>ÍSAT nr.</b>	3832
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Guðjón Jónsson	<b>Staðsetning</b>	64,355088 -21,788370

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Í eftirlitinu komu fram eitt nýtt frávik frá starfsleyfi. Útflutningur á fínryki er ekki hafinn og henni því safnað upp í gámum á lóð fyrirtækisins og í geymslu í Gjáhellu 11 í Hafnafirði.

Auk þess er unnið að úrbótum eldri frávíka.

Enn var saltkaka á lóð rekstraraðila þegar eftirlitið fór fram, sem óheimilt er að geyma utandyra. Málið er í eftirfylgni og var bréf um áform um dagsektir birt rekstraraðila í eftirlitinu. Umhverfisstofnun á eftir að meta og taka afstöðu til þeirra úrbóta sem rekstraraðili hefur framkvæmt skv. svarbréfi frá 12.maí sl.

Áform um áminningu voru send rekstraraðila 22. janúar sl. vegna frávíka úr seinna eftirliti 2013. Viðbragðsáætlun skv grein 4.4 í starfsleyfi hefur verið skilað til UST og telst því frávíki því lokið.

Engar síur úr steypurennum álvera voru sýnilegar í eftirlitinu.

Skráningum skv. grein 3.2 er þeim er enn ábótavant og sömuleiðis er útflutningur á síuryki ekki hafinn og því safnað fyrir í sekkjum á lóð fyrirtækisins.

Í eftirlitinu var einnig gerð athugasemd varðandi mengunarmælingar í útblæstri.

## UMFANG EFTIRLITS

Í eftirlitinu var byrjað á eftirlitsfundi og svo farið í skoðunarferð um lóðina.

Niðurstöður útblástursmælinga bárust Umhverfisstofnun 7.apríl sl. Niðurstöður þeirra voru undir starfsleyfismörkum. Tillögu að vöktunarkerfi var skilað 12.febrúar 2014. Vöktunarkerfið tekur á innra eftirliti með starfseminni, þ.e. losun vegna starfseminnar. Vöktunaráætlun snýr hins vegar að ytri vöktun á mögulegum áhrifum starfseminnar á umhverfið í kring. Rekstraraðila ber að taka þátt í sameiginlegri umhverfissvöktun á Grundartangasvæðinu með öðrum iðjuverum á Grundartanga.

Þá var farið yfir síðustu eftirlitsskýrslu og stöðu eftirfylgnimála.

Síur úr steypurennum álvera eru ekki geymdar utandyra lengur.

Búið er að samþykkja geymslu í Vogatungu til að hýsa tímabundið birgðir af saltköku sem safnast höfðu upp á lóð fyrirtækisins. Þegar eftirlitið fór fram var haugur af saltköku ennþá á lóðinni, utandyra og óvarin fyrir raka. Málið er í eftirfylgni og var bréf með áform um dagsektir birt rekstraraðilum í eftirlitinu. Í svarbréfi rekstraraðila frá 12. maí sl. kemur fram að sótt hafi verið um útflutningsleyfi fyrir 1500 tonnum af saltköku og verkferlar bættir svo að saltkakan sé ekki lengur geymd utandyra. Áætlað er að næsti skipsfarmur fari út í lok sumars.

Í eftirlitinu kom fram að búið var að útbúa skráningarkerfi til að halda utanum skráningar skv. grein 3.2 í starfsleyfi. Ekki hefur þó verið skráð markvisst í kerfið. Ekki liggur ljóst fyrir hve mikið magn saltköku er nú utandyra, né magn síuryks og fínryks sem bíður útflutnings. Sömuleiðis er ekki haldið markvisst utan um kvartanir, viðhald á mengunarvarnarábúnaði, spilliefnaskráningar og eiginleika hráefnis.

Verið er að leita leiða til að flytja síuryk erlendis til endurvinnslu og á meðan er því safnað upp í sekkjum á verksmiðjulóðinni.

Fínryk er sigtað frá algjallinu og verið er að leita leiða til að flytja það út til endurvinnsluaðila. Nú þegar eru komin um 500 tonn sem geymd eru í gámum á verksmiðjulóðinni en auk þess eru um 600 tonn geymd í geymslu við Gjáhellu 11 í Hafnafirði.

Fundin hefur verið lausn til að vinna álflok (brotaál) og gengur vel á birgðirnar af álflokunum sem geymd voru á lóðinni aftan við verksmiðjuhúsið.

Þá var rætt um frágang lóðar. Rekstraraðili hefur áhuga á að byggja geymslu við verksmiðjuhúsið svo hægt sé að geyma saltköku þar innandyra þar til safnað hefur verið upp í hagkvæman farm til útflutnings með skipi. Ekki liggur fyrir tímasett áætlun vegna byggingarinnar þar sem að eftir er að fá upplýsingar frá byggingarfulltrúa um ferilinn hjá Hvalfjarðarsveit. Frágangur lóðar með viðeigandi olíuskiljum verður gerður í kjölfar þessara framkvæmda.

Að lokum var rætt um skráningu álgjallsgáma. Gámarnir eru í eigu Kratusar og sjá bílstjórar um reglulega skoðun á ástandi þeirra. Flestir gámar hafa verið endurnýjaðir á þessu ári. Bent var á að æskilegt sé að haldið sé markvisst utan um skráningar á ástandi gáma til að fyrirbyggja að álgjall blotni.

#### Frávik frá

Grein 2.13 í starfsleyfi

#### Lýsing á fráviki

Fínryki hefur ekki verið skilað til viðeigandi spilliefnamóttöku og er því safnað upp í gámum á lóðinni og í geymslu í Gjáhelli 11 í Hafnafirði. Skv. grein 2.13 skal spilliefnum skilað til viðurkenndrar spilliefnamóttöku og ávallt gæta þess að ekki safnist upp birgðir af spilliefnum.

#### ATHUGASEMDIR

Athugasemd er gerð við mengunarmælingar í útblæstri. Ekki var blanksía notuð til samanburðar á rykmælingunum og einungis tvö ryksýni voru tekin. Þar af var annað sýnið á mörkum þess að vera marktækt. Auk þess eru mælingar á SOx með gasmæli viðurkennd aðferð en þó ekki sú sama og getið er um í staðli EN 14792 eins og sagt er í skýrslunni.

Reykjavík, 18.06.2014



Halla Einarsdóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.